

AÐGERÐAÁÆTLUN

um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi

Lokaskýrsla

Verkefnastjórn
um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi

Janúar 2013

1. Inngangur

Alþingi ályktaði hinn 20. mars 2012 að fela forsætisráðherra að stýra mótun aðgerðaáætlunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Í samræmi við það skipaði forsætisráðherra þann 26. september sama ár verkefnastjórn sem ætlað er það hlutverk að undirbúa gerð aðgerðaáætlunar um eflingu græns hagkerfis á Íslandi. Verkefnastjórninni er ætlað að forgangsraða þeim verkefnum sem fram koma í 50 töluliðum í þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi sem samþykkt var á 140. löggjafarþingi (hér eftir nefnd þingsályktunin) ásamt því að leggja mat á umfang verkefnanna og þann kostnað sem vinna við þau útheimtir. Er þetta í samræmi við 2. tl. þingsályktunarinnar, en þar er forsætisráðuneytinu og Alþingi falið að vinna að eflingu græna hagkerfisins á Íslandi og sjá um að samþætta framkvæmd aðgerðaáætlunar á grundvelli tillagna Alþingis, með þátttöku allra ráðuneyta Stjórnarráðsins. Þannig er stuðlað að því að efling græna hagkerfisins verði forgangsverkefni í atvinnustefnu íslenskra stjórnvalda, sbr. 1. tl. þingsályktunarinnar. Þá mun starf verkefnastjórnarinnar, í framhaldi af forgangsroðun verkefna, einnig snúa að greiningu á umfangi græna hagkerfisins á Íslandi með tilliti til atvinnusköpunar og hlutdeildar í þjóðarframleiðslu. Á grundvelli þeirrar greiningar verður mótuð áætlun um fjölgun grænna starfa, sbr. 5. tl. í þingsályktuninni.

Í verkefnastjórninni eiga sæti Sigurður Örn Guðleifsson, fulltrúi forsætisráðuneytisins, formaður, Danfríður Skarphéðinsdóttir, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Elvar Knútur Valsson, fulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis og Skúli Helgason alþingismaður og formaður nefndar Alþingis um eflingu hins græna hagkerfis án tilnefningar.

Verkefnastjórnin hélt alls 19 fundi. Nokkrir gestir komu til fundar við verkefnastjórnina. Þeir voru: Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, Ágeir Eiríksson og Inga Sigrún Atladóttir, fulltrúar Sveitarfélagsins Voga, Árni Gunnarsson formaður Samtaka ferðapjónustunnar, Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar og Hákon Gunnarsson frá GEKON, alþjóðlegu ráðgjafarfyrtæki. Jafnframt komu til fundar við verkefnastjórnina Lúðvík Gústafsson, Guðjón Bragason og Valur Rafn Halldórsson fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga en í þingsályktuninni er mælt fyrir um í tillögu nr. 2 að efnt skuli til samráðs við sveitarfélög um aðkomu þeirra að eflingu græna hagkerfisins, Hanna

Dóra Hólm Másdóttir, formaður nefndar um endurskipulagningu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Þorsteinn Sigfússon og Sigríður Ingvarsdóttir fyrir hönd Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Sesselja Bjarnadóttir og Sigurbjörg Sæmundsdóttir fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Ólafur Hjálmarsson og Ásmundur Ólafsson fyrir hönd Hagstofu Íslands, Birna Helgadóttir og Ingólfur Þórisson fyrir hönd Landspítalans, Angantýr Einarsson formaður ferðakostnaðarnefndar, Torfi Jóhannesson fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Helga Valfells frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og Brynhildur Davíðsdóttir dósent við Háskóla Íslands. Þá var haft samráð við Héðinn Unnsteinsson sérfræðing í forsætisráðuneytinu og Hólmfríði Sveinsdóttur verkefnisstjóra sóknaráætlana landshluta vegna mögulegrar aðkomu stýrinets sóknaráætlana.

Þá sendi verkefnastjórnin öllum stofnunum sem getið er sérstaklega sem ábyrgðaraðila í þingsályktuninni, sem og öllum ráðuneytum erindi og óskaði eftir upplýsingum um hvernig þau flokkuðu verkefni þingsályktunarinnar og hvaða umfang og kostnaður fylgdu verkefnunum. Nánar tiltekið er um að ræða, Hagstofu Íslands, Ríkiskaup, Orkusetur, Orkustofnun, Ríkisendurskoðun, Tækniþróunarsjóð, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Umferðarstofu, Umhverfisstofnun, Siglingastofnun, Ferðakostnaðarnefnd og Landlæknisembættið auk allra ráðuneyta eins og fyrr segir.

Loks sendi verkefnastjórn Nýsköpunarmiðstöð Íslands, forsætisráðuneytinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu erindi þar sem óskað var eftir að þessir aðilar upplýstu verkefnastjórnina hvernig þeir hygðust vinna að framgangi tillagnanna sem getið er um í kafla 3.1. Það fólst nánar tiltekið í því að útbúa verkefnaáætlun um hverja og eina tillögu í kafla 3.1. Er þessar verkefnaáætlanir að finna í viðauka.

2. Forsendur forgangsröðunar

Verkefnastjórnin ákvað að forgangsröðun verkefna skv. þingsályktuninni skyldi grundvallast á að greina tillögurnar í þrjá flokka. Tekur sú flokkun einkum mið af þeim kostnaði sem ætla má að falli til við að sinna hverju og einu verkefni sem tillögurnar mæla fyrir um. Þannig falla verkefni sem rúmast innan fjárheimilda viðkomandi stofnunar eða ráðuneytis undir flokk I, undir flokk II falla verkefni sem ekki rúmast innan fjárheimilda en útheimta óverulegan kostnað og lokst undir flokk III, verkefni sem telja verður að krefjist verulega aukinna fjárheimilda. Lagt er til að verkefni sem falla í flokk I verði sett í forgang á árinu 2013.

Þessu til viðbótar var verkefnastjórninni falið að gera tillögu um útfærslu á þeim hluta fjárfestingaáætlunar fyrir Ísland árin 2013 til 2015, sem mælir fyrir um að fé verði veitt til græna hagkerfisins á næstu þremur árum. Leggur verkefnastjórnin í því sambandi til að tillögur í þingsályktuninni sem heyra til græna hagkerfisins í fjárfestingaáætluninni verði jafnframt settar í forgang á þessu ári í samræmi við fjárlög fyrir árið 2013.

Eins og fyrr segir sendi verkefnastjórnin þeim aðilum sem sérstaklega eru tilgreindir í þingsályktuninni sem ábyrgðaraðilar einstakra tillagna erindi og óskaði eftir að þeir forgangsröðuðu þeim tillögum sem undir ábyrgðarsvið þeirra féllu í einn hinna þriggja flokka sem að framan er getið. Sérstaklega var óskað eftir að rökstuðningur fylgdi flokkuninni þar sem lagt væri mat á umfang verkefna samkvæmt tillögunum og þann kostnað sem aðili teldi að það hefði í för með sér. Til samanburðar óskaði verkefnastjórnin eftir að fjármála- og efnahagsráðuneytið mæti hugsanlegan kostnað við tillögurnar eins og frekast væri unnt á þessu stigi máls. Lagði ráðuneytið fjárhagslegt mat á allar tillögurnar 50. Hafði verkefnastjórnin mat ábyrgðaraðila sem og fjármála- og efnahagsráðuneytisins til hliðsjónar við forgangsröðunina.

Þess skal sérstaklega getið að tillögur nr. 25, 26, 27 og 45 í þingsályktuninni eru þegar komnar til framkvæmda og því ekki þörf á að taka afstöðu til þeirra sérstaklega í skýrslunni.

Að lokum má geta þess að verkefnastjórnin fékk Herdísu Sólborgu Haraldsdóttur nema í opinberri stjórnsýslu og hagnýtum jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, sem í haust hefur

verið í starfsnámi í forsætisráðuneytinu, til að vinna jafnréttismat á tillögum þingsályktunarinnar. Þess ber þó að geta í því sambandi að þar sem útfærsla einstakra verkefna liggur ekki ljós fyrir á þessu stigi er í mörgum tilvikum erfitt að leggja mat á allar tillögurnar með tilliti til kynjasjónarmiða. Í mati Herdísar má þó sjá vísbendingu sem verkefnastjórnin hefur litið til. Er þessa greiningu að finna í viðauka.

3. Tillögur sem lagt er til að settar verði í forgang í fyrsta áfanga

Í þessum kafla er að finna tillögur sem ríma við fjárlög fyrir árið 2013 og fjárfestingaáætlun 2013-2015 og lagt er til að sett verði í forgang. Jafnframt er að finna í þessum kafla tillögur sem verkefnastjórnin leggur til að settar verði í forgang enda falla þær í flokk I skv. fyrrnefndri flokkun, bæði að áliti ábyrgðaraðila tillögunnar og skv. mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins og krefjast því ekki aukinna fjárútláta á fjárlögum, heldur falla undir það sem kalla má almenna starfsemi viðkomandi stofnunar eða ráðuneytis.

3.1 Tillögur, sem ekki rúmast innan fjárheimilda en lagt er til að veitt verði fé til á fjárlögum í samræmi við fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2013 til 2015

Með tölvupósti hinn 9. október sl. fól Sigurður Snævarr þáverandi efnahagsráðgjafi í forsætisráðuneytinu, í umboði forsætisráðherra, verkefnastjórninni að gera tillögur um útfærslu á þeim hluta fjárfestingaáætlunar fyrir Ísland 2013 - 2015, sem mælir fyrir um að fé verði veitt til græna hagkerfisins næstu þrjú árin. Í fjárlögum fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir fjármunum sem renna eiga til eflingar græna hagkerfisins í samræmi við fjárfestingaáætlunina.

Leggur verkefnastjórnin til að tillögur í þingsályktuninni sem falla undir fyrrnefnda fjármögnun samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2013 verði sett í forgang á þessu ári. Skipting tillagnanna í kafla tekur mið af skiptingu í fjárfestingaáætluninni sem og fjárlögum fyrir árið 2013.

Verði niðurstaðan sú að setja neðangreindar tillögur í forgang á þessu ári er það mat verkefnastjórnar að ábyrgðaraðilar einstakra tillagna þurfi að vinna frekari greiningu á umfangi þeirra og fjárþörf, auk þess sem gera þarf samninga um útfærslu hvern og einnar tillögu þar sem það á við, þar sem tekið verði meðal annars á atriðum eins og ábyrgð, árangri og eftirfylgni.

Í tillögu nr. 2 í þingsályktuninni segir að efnt skuli til samráðs við sveitarfélög um aðkomu þeirra að eflingu græna hagkerfisins og í fjárlögum fyrir árið 2013 varðandi græna hagkerfið (fjárlagalið 01-283) er þess getið að samstarf skuli haft við sveitarfélög um grænkun fyrirtækja, uppbyggingu þekkingar og fjölgun grænna starfa. Leggur verkefnastjórnin til að forsætisráðuneytið kanni hvort unnt sé að veita fjármagni til umhverfisvænna verkefna í öllum

landshlutum á grundvelli þingsályktunarinnar og hvernig slíkt megi útfæra. Verði við það mat sérstaklega litið til þess að nota þann farveg innan Stjórnarráðsins (stýrinet) sem mótaður hefur verið um utanumhald, viðmið um skiptingu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlana landshluta.

3.1.1 Grænar erlendar fjárfestingar

Tillaga nr. 20 í þingsályktuninni felur í sér verkefni sem fellur undir þennan flokk.

Tillaga nr. 20

Efnt verði til fimm ára átaksverkefnis til að auka erlendar fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta heimild í 15. gr. laga nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Við val á verkefnum verði skilgreiningar BLS (Vinnumálahagstofa Bandaríkjanna) á grænum störfum lagðar til grundvallar. Átakið feli m.a. í sér hagræna greiningu á grænu hagkerfi á Íslandi, val áherslusviða, kortlagningu vænlegra fjárfesta, kynningu og markaðssetningu.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Íslandsstofa / Utanríkisráðuneyti / Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að á árinu 2013 renni 50 milljónir króna til Íslandsstofu vegna greiningar og markaðskynningar á grænum erlendum fjárfestingum hér á landi. Í umsögn stofnunarinnar til verkefnastjórnar kemur fram að ætlunin er að sinna verkefnum tengdum hinu græna hagkerfi á þessu ári sem varða koltrefjar, gagnaver, umhverfistækni (clean tech), lífræna ræktun í gróðurhúsum, græna efnagarða og smápörungaræktun. Þessi verkefni falla að mati verkefnastjórnar vel að eflingu hins græna hagkerfis.

3.1.2 Grænn fjárfestingasjóður

Tillaga nr. 19 í þingsályktuninni felur í sér verkefni sem fellur undir þennan flokk.

Tillaga nr. 19

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði falið að vinna að stofnun og rekstri Græns fjárfestingasjóðs í samstarfi við innlenda og erlenda fjárfesta. Hlutverk sjóðsins verði að fjárfesta í umhverfistækni og umhverfisvænni starfsemi.

Ábyrgð: Alþingi / Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að á árinu 2013 verði fjármála- og efnahagsráðherra heimilt að veita 500 milljóna króna stofnframlag til stofnunar græns fjárfestingasjóðs og sömu fjárhæð árið 2014 samkvæmt fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar. Á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hefur að undanfögnu farið fram endurskoðun á starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Í þeirri vinnu hefur það verið meginsjónarmið að fjármunirnir nýtist með sem bestum hætti með hliðsjón af markmiðum tillögunnar og því fjármögnunar- og stuðningskerfi sem fyrir er. Stofnun græns fjárfestingasjóðs er ætlað að efla stöðir græna hagkerfisins, sem snýst um sókn í atvinnu- og efnahagsmálum þar sem umhverfisvænar lausnir leysa þær hefðbundnu af hólmi. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið leggur til í umsögn sinni til verkefnastjórnar að sjóðurinn verði rekinn af Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins en jafnframt verði leitað að meðfjárfestum, bæði innlendum og erlendum. Verkefnastjórn styður þessa tillögu ráðuneytisins enda samræmist hún þingsályktuninni, en leggur áherslu á að gætt sé að því að uppbygging sjóðsins taki mið af því markmiði sjóðsins að efla fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi á Íslandi samhliða því að tryggja almannahagsmuni og hámarka arðsemi. Verkefnastjórnin leggur til að óháðir sérfræðingar verði fengnir til samstarfs við sjóðinn um gerð þarfagreiningar fyrir grænan fjárfestingarsjóð og mat á mismunandi kostum varðandi formgerð, fjárfestingarstefnu og leiðir til að tryggja aðkomu annarra fjárfesta innanlands sem utan.

3.1.3 Græna hagkerfið

Í fjárlögum eru forsætisráðuneytinu veittar 280 milljónir króna til græna hagkerfisins til að standa undir ýmsum verkefnum sem ráðgerð eru samkvæmt þingsályktun um græna hagkerfið. Er hér um að ræða óskiptan lið sem ætlað er að fjármagna tillögur sem lúta m.a. að grænkun fyrirtækja, uppbyggingu þekkingar og fjölgunar grænna starfa, m.a. í samstarfi við sveitarfélög. Þar á meðal eru endurgreiðslur á hluta af kostnaði fyrirtækja vegna fjárfestinga, rannsókna og þróunar sem hafa það að markmiði að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á

starfsemi þeirra. Segir í fjárlögum að verkefnastjórn verði falin frekari ráðstöfun fjár samkvæmt þessum lið.

Tillögur nr. 2, 23, 31, 33, 34, 35, 41 og 49 í þingsályktuninni fela í sér verkefni sem falla undir þennan lið.

Tillaga nr. 23

Tryggt verði að hægt verði að sækja á einn stað upplýsingar og ráðgjöf um styrki til grænnar nýsköpunar, jafnt frá íslenskum, norrænum, evrópskum og alþjóðlegum sjóðum.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Í umsögn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins kemur fram að kostnaður við framkvæmd verkefnisins muni að mestu falla á Nýsköpunarmiðstöð Íslands í formi starfsmanns sem mun sinna verkefninu. Nýsköpunarmiðstöð veitir frumkvöðlum og fyrirtækjum ráðgjöf, þ.m.t. upplýsingar um styrki til grænnar nýsköpunar. Jafnframt segir í umsögn ráðuneytisins að um stöðugildi sé að ræða sem fyrir er hjá stofnuninni. Í umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar kemur hins vegar fram að hér sé um að ræða upplýsingagjöf og handleiðslu varðandi græna nýsköpun sem miðstöðin geti vissulega sinnt með þeim mannafla sem fyrir er hjá stofnuninni. En þar sem sérstaklega er tilgreint að um upplýsingar og ráðgjöf sé að ræða um styrki frá norrænum, evrópskum og alþjóðlegum sjóðum, þá þurfi að fara í sértæka uppbyggingu þekkingar á þessu sviði, sem kalli á vöktun upplýsinga o.fl. Því þurfi að koma til fjárveiting fyrir þetta verkefni sem nemi 2 milljónum króna. Leggur verkefnastjórn til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verði veitt umrædd fjárhæð til að gera Nýsköpunarmiðstöð Íslands kleift að byggja upp þekkingu á þessu sviði innan stofnunarinnar.

Tillaga nr. 31

Lögum verði breytt þannig að mögulegt verði að endurgreiða 20% af kostnaði við innleiðingu vottaðra umhverfisstjórnunarkerfa (t.d. ISO 14001 eða EMAS), að hámarki allt að 1 millj. kr.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Tillagan gerir ráð fyrir að beitt verði hagrænum hvötum til að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að taka upp vottuð umhverfisstjórnunarkerfi. Ekki er ljóst hversu mörg ráðuneyti eða stofnanir munu kjósa að innleiða vottað umhverfisstjórnunarkerfi í starfsemi sína á þessu

ári komi til slíkrar lagabreytingar. En miðað við reynslu undanfarinna ára má búast við að það verði ekki margir stjórnsýsluaðilar. Leggur verkefnastjórn til að fjármála- og efnahagsráðuneyti verði veittar allt að 30 milljónir króna á þessu ári til endurgreiðslu á kostnaði fyrirtækja og stofnana við innleiðingu vottaðra umhverfisstjórnunarkerfa, enda verði lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 breytt sem geri slíka endurgreiðslu mögulega. Leita þarf álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á slíkri lagabreytingu.

Tillaga nr. 41

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði falið að móta aðferðafræði sem felur í sér grænkun íslenskra fyrirtækja í öllum atvinnugreinum á grundvelli nýsköpunar og þróunar tæknilausna sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar og lágmarka kolefnisfótspor fyrirtækja.

Ábyrgð: Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Í umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands kemur fram að miðstöðin hafi þó nokkuð unnið í þessum málaflökki sem falli vel að áherslum stofnunarinnar og tengslum hennar við atvinnulífið. Kemur fram í umsögninni að vinna þurfi frekar að mótun aðferðafræði og verkferla sem taka mið af þörfum hinna ýmsu atvinnugreina. Einnig þurfi að eiga sér stað viðtækt kynningarstarf, aðstoð og eftirfylgni. Telur Nýsköpunarmiðstöð í umsögn sinni að nauðsynlegt sé að ráða verkefnastjóra til næstu tveggja ára auk þess sem starfsfólk miðstöðvarinnar víða um land myndi taka þátt í verkefninu. Metur stofnunin það svo að til þurfi að koma eitt stöðugildi til að sinna verkefninu. Leggur verkefnastjórnin til að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði veittar 10 milljónir króna til að sinna verkefninu á þessu ári. Í umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands kemur fram að reynsla stofnunarinnar af stuðningsverkefnum hefur sýnt að farsæll árangur hefur hlotist af því að blanda saman fræðslu, stuðningi og mikilli eftirfylgni fagaðila við fyrirtæki. Því er lagt til að haldin verði námskeið á 6 stöðum víðs vegar um landið. Þar væri farið í gegnum grænt bókhald, orkusparnað og vistvænt eldsneyti. Í framhaldinu yrðu valin a.m.k. 10 fyrirtæki á ári og sett upp verkefnabundið samstarf þar sem markmiðið væri að draga úr umhverfisáhrifum um a.m.k. 10% á hráefnahliðinni og 5% á orkuhliðinni. Auk þess sem lögð verður áhersla á að fyrirtæki vinni áætlun um förgun úrgangs, endurnýtingu og þróun vistvænna ferla. Áætlað er að hvert námskeið kosti 500.000 krónur með auglýsingum, námskeiðsgögnum, fyrirlesurum og ferðakostnaði. Ætlunin er að hafa kostnað fyrirtækja af þátttöku óverulegan. Leggur stofnunin til að 3 milljónum króna verði varið til slíks námskeiðahalds. Þá leggur stofnunin til

að varið verði allt að 5 milljónum króna til að styðja við bakið á þeim fyrirtækjum sem veljast til samstarfsins og þeim auðveldað að mæta óhjákvæmilegum kostnaði sem hlýst af grænkun starfseminnar. Leggur verkefnastjórnin til að 8 milljónum króna verði varið til námskeiðahalds og stuðnings við fyrirtæki eins og fram kemur í umsögn stofnunarinnar.

Tillaga nr. 33

Stjórnvöld móti framkvæmdaáætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu á Íslandi, með það að markmiði að lífrænt vottaðar vörur verði 15% af landbúnaðarframleiðslu á Íslandi árið 2020.

Ábyrgð: Alþingi / Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga nr. 34

Stuðningur við aðlögun að lífrænni framleiðslu verði aukinn til að tryggja framkvæmd nýsamþykktu verklagsreglna um aðlögunarstuðning.

Ábyrgð: Alþingi / Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga nr. 35

Gerð verði kostnaðar- og ábatagreining á framleiðslu lífræns áburðar hérlendis.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Hvað varðar tillögur nr. 33 til nr. 35 í þingsályktuninni, sem allar lúta að eflingu lífrænnar framleiðslu og þingsályktunin tímasetur árið 2013, telur verkefnastjórnin mikilvægt að þessar tillögur verði settar í forgang á þessu ári. Torfi Jóhannesson sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti gat þess á fundi með verkefnastjórninni að eðlilegra væri að líta á tillögur nr. 34 og nr. 35 sem undirtillögur eða leiðir að því markmiði sem sett er í tillögu nr. 33 og að athuga þyrfti að umbreyting búskaparháttanna sé langtímaverkefni og því sé sá tímafrestur sem gefinn er í tillögu nr. 33 að öllum líkindum óraunhæfur. Frekar ætti að líta á 15% markmið sem ótímasett langtímamarkmið. Í búnaðarlagasamningi frá 28. september 2012 er tiltekin upphæð ætluð lífrænni ræktun. Sú upphæð er 3,5 milljónir króna á ári. Hægt er að auka aðlögunarstuðning með tvennum hætti: Með breytingum á búnaðarlagasamningi eða með beinum viðbótarframlögum. Lífrænar áherslur í landbúnaði eru mikilvægur þáttur í hinu græna hagkerfi og því er það mat verkefnastjórnarinnar að huga beri að þeim þegar í fyrsta áfanga, þótt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið telji ýmist nokkurn eða mikinn kostnað því samfara að framkvæma tillögurnar sjálfar. Er það enda í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur að áttak skuli gert í lífrænni

ræktun og bændum tryggður aðlögunarstuðningur ákveði þeir að skipta úr hefðbundinni ræktun yfir í lífræna. Í því skyni leggur verkefnastjórnin til að hugað verði að því að veita sérstökum viðbótarstuðningi til aðlögunar í þá átt að efla lífræna framleiðslu enda er búnaðarlagasamningurinn ekki laus til endurskoðunar fyrr en á árinu 2015. Til viðbótar við 3,5 milljónir kr. í núverandi búnaðarlagasamningi leggur verkefnisstjórn til að veitt verði viðbótarfjármagni að upphæð 3,5 milljónir á ári tímabilið 2013- 2015, samtals 10,5 milljónir kr. til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Samkvæmt tillögu nr. 35 er lagt til að gerð verði kostnaðar- og ábatagreining á framleiðslu lífræns áburðar. Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands er starfrækt Orkusetur landbúnaðarins. Til að hrinda tillögu nr. 35 í framkvæmd þarf að gera ítarlegar rannsóknir á næringarefnum og áburðargildi afurða frá jarðgerð, kjötmjölvinnslu og hliðarafurða frá metanframleiðslu. Gera þarf rannsóknir í samvinnu við innlenda og erlenda sérfræðinga og nýta niðurstöður þeirra rannsókna til að vinna kostnaðar- og ábatagreiningu við framleiðslu lífræns áburðar. Verkefnisstjórn leggur því til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verði veittar 4 milljóna króna framlag til verkefnisins.

Varðandi tillögur nr. 33, 34 og nr. 35 telur verkefnisstjórn jafnframt brynt að unnin verði greining fagaðila á ávinningi og möguleikum lífrænnar ræktunar frá ræktun til mats á afköstum og gæðum til markaðsetningar. Hlutlægt vísindalegt mat á ávinningi og möguleikum í útfærslu hugmyndafræðinnar um lífræna framleiðslu við íslenskar aðstæður hefur skort en myndi auðvelda faglega umfjöllun. Verkefnisstjórn leggur til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verði veittar 5 milljónir króna til slíkrar greiningar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verði falið að útfæra verkefnið.

Tillaga nr. 49

Stutt verði við verkefni sem stefni að sjálfbærri orkunýtingu í íslenskum landbúnaði og/eða framleiðslu orku úr hráefni sem verður til við landbúnaðarframleiðslu og á landbúnaðarjörðum.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í flokk I. Verkefnastjórnin leggur til að verkefnið verði sett í forgang á árinu 2013. Samkvæmt tillögu nr. 49 er markmiðið að styðja við verkefni sem stefna að sjálfbærri orkunýtingu í íslenskum landbúnaði og/eða framleiðslu orku úr hráefni sem verður til við landbúnaðarframleiðslu og á landbúnaðarjörðum. Við Landbúnaðarháskóla Íslands var

nýlega stofnað Orkusetur landbúnaðarins. Ráðinn hefur verið til þess starfsmaður sem hefja mun störf í upphafi árs 2013. Orkusetrinu er ætlað að vinna að aukinni sjálfbærni í orkumálum landbúnaðarins. Sú sjálfbærni þarf að ná jafnt til umhverfislegra sem og efnahaglegra og félagslegra þátta. Jafnframt er Orkusetrinu ætlað að vera samstarfsvettvangur þeirra sem að málinu vilja koma og sjá um aðstöðu til rannsókna, kennslu og aðlögunar aðferða á sviði orkumála. Til að vinna að framgangi tillögu nr. 49 og jafnframt að renna styrkari stoðum undir starfsemi orkusetursins leggur verkefnisstjórn til stuðning við uppbyggingu aðstöðu til tilraunavinnslu á lífrænu eldsneyti auk rannsókna- og þróunarstarfs og verklegar kennslu. Verkefnisstjórn leggur til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verði veittar 10 milljónir króna til að styðja við verkefnið.

Töflu með nánari greiningu á tillögum nr. 33, 34, 35 og 49 er að finna í viðauka.

3.1.4 Græn skref og vistvæn innkaup

Í fjárlögum er varið 150 milljónum króna til liðar sem nefnist græn skref og vistvæn innkaup og er ætlað að standa undir ýmsum verkefnum sem ráðgerð eru samkvæmt þingsályktun um græna hagkerfið. Tillögur nr. 8, 9, 10, 11, 12, 15 og 28 í þingsályktuninni fela í sér verkefni sem falla undir þennan flokk.

Tillaga nr. 8

Öll ráðuneyti og ríkisstofnanir (A-hluta) innleiði vistvæn innkaup í samræmi við stefnu um vistvæn innkaup ríkisins.

Ábyrgð: Öll ráðuneyti

Tillaga nr. 9

Stefna um vistvæn innkaup ríkisins (2009–2012) verði endurskoðuð. Ný stefna fyrir tímabilið 2013–2020 miði að því að hlutfall vistvænna útboða á vegum ríkisins verði 50% árið 2015 og 80% árið 2020.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti / Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tillaga nr. 10

Allir nýir rammasamningar ríkisins um innkaup uppfylli viðmið í umhverfisskilyrðum í þeim vöruflokkum þar sem slík skilyrði hafa verið útbúin.

Ábyrgð: Ríkiskaup

Tillaga nr. 11

Fjárveitingar til VINN-verkefnisins um vistvæn innkaup verði auknar.

Ábyrgð: Alþingi

Tillaga nr. 12

Árlega sé gert ráð fyrir tiltekinni fjárhæð á fjárlögum til að endurgreiða opinberum stofnunum allt að 20% af kostnaðarverði vöru og þjónustu sem sannanlega uppfyllir skilyrði umhverfismerkja af gerð 1 (e. Environmental labels – Type 1).

Ábyrgð: Alþingi

Tillaga nr. 15

Alþingi, öll ráðuneyti og allar stofnanir ráðuneyta taki upp markvisst umhverfisstarf til að bæta nýtingu og draga úr sóun og öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið, bæði beinum og óbeinum, með hliðsjón af staðlinum ISO 14001. Liður í þessu þarf að vera áttak í sjálfbærni mennt innan ríkisstofnana, með sérstakri áherslu á forystuhlutverk slíkra stofnana á sviði sjálfbærrar þróunar og með hliðsjón af markmiðum Áratugar Sameinuðu þjóðanna um menntun til sjálfbærrar þróunar.

Ábyrgð: Alþingi, ráðuneyti, stofnanir

Tillaga nr. 28

Stofnaður verði sérstakur Sjálfbærni-fræðslusjóður sem veiti styrki til stofnana og verkefna í þágu menntunar til sjálfbærrar þróunar.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti / Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Í fjárlögum er fjármála- og efnahagsráðuneytinu veittar 15 milljónir króna til eflingar vistvæna innkaupa (tillögur nr. 8 til 11) og 25 milljónir króna til þess að stuðla að því að Alþingi, ráðuneyti og stofnanir taki græn skref sem feli í sér markvisst umhverfisstarf í því skyni að bæta nýtingu og draga úr sóun og öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið, með hliðsjón af staðlinum ISO 14001 (tillaga nr. 15) og loks 85 milljónir króna til endurgreiðslu til opinberra stofnanna allt að 20% af kostnaðarverði vöru og þjónustu sem sannanlega uppfyllir nánar tilgreind skilyrði umhverfisvottunar (tillaga nr. 12).

Undanfarið hefur stýrihópur um vistvæn innkaup (VINN-verkefnið) unnið að innleiðingu vistvæna innkaupa samkvæmt stefnu um vistvæn innkaup ríkisins sem samþykkt var 27. mars 2009 og gildir til ársloka 2012. Sú innleiðing felur í sér tillögur nr. 8, 9, 10 og 11 í þingsályktuninni. Hefur stýrihópurinn hafið undirbúning að endurskoðun stefnunnar og

áframhaldandi vinnu við innleiðingu vistvænna innkaupa hjá opinberum aðilum. Við þá endurskoðun sem og skoðun á þeim aðgerðum sem sérstaklega eru tilgreindar í græna hagkerfinu hefur stýrinefndin lagt til að ný endurskoðuð stefna til næstu fjögurra ára verði útvíkuð þannig að hún geti einnig falið í sér tillögu nr. 15 í þingsályktuninni sem tekur til innleiðingar markviss umhverfisstarfs Alþingis, ráðuneyta og stofnana og einnig tillögu nr. 12 sem felur í sér endurgreiðslu á kaupum af kostnaðarverði vöru og þjónustu til stofnana sem sannanlega uppfylla skilyrði umhverfismerkja, þ.e.a.s. að útfæra leiðir til að halda utan um skráningu á þessum vörum þegar stofnanir ríkisins kaupa vistvænt og hafa þar með innleitt stefnu um vistvæn innkaup. Einnig hefur stýrinefndin lagt til að ný stefna um vistvæn innkaup fyrir árin 2013 - 2016 feli í sér það markmið, sem sett er fram í tillögu nr. 10, um að allir nýir rammisamningar ríkisins uppfylli að viðmið í umhverfisskilyrðum náist.

Verkefnastjórnin leggur til að fjármála- og efnahagsráðuneytið ráðstafi þeim fjármunum sem ætlað er að verja til eflingar vistvænna innkaupa (tillögur nr. 8 til 11), 15 milljónum króna, til stýrihóps um vistvæn innkaup (VINN-verkefnið) og hópnun þannig gert kleift að útbúa námskeiðsgögn til að efna til þriggja til fjögurra vinnustofa 200 ríkisstofnana til stuðnings og ráðgjafar og við skilgreiningar umhverfisskilyrða við útboð. Hvað varðar endurgreiðslur til ríkisstofnana vegna notkunar á umhverfismerktum vörum og þjónustu (tillaga nr. 12) ræðst sú upphæð af árangri við innleiðingu stefnu um vistvæn innkaup fyrir árin 2013 – 2016, en á fjárlögum er gert ráð fyrir 85 milljónum króna til þessa verkefnis. Loks leggur verkefnastjórn til að 25 milljónum króna sem fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. fjárlögum á að verja til að stuðla að því að Alþingi, ráðuneyti og stofnanir taki græn skref (tillaga nr. 15) verði ráðstafað þannig að 2 milljónum króna verði varið í að móta aðferðafræði með leiðbeiningum fyrir stofnanir ríkisins um hvernig þau geti eftl umhverfisvæn vinnubrögð í sinni daglegu starfsemi, 3 milljónum króna í að setja á fót vefsíðu með fræðsluefni og leiðbeiningum um græna hagkerfið fyrir stofnanir, fyrirtæki og almenning og 20 milljónum króna í að styrkja sérstök þróunarverkefni stofnana á þessu sviði.

Í fjárlögum er fjármála- og efnahagsráðuneytinu undir þessum lið veittar 25 milljónir króna til nýs sjálfbærni-fræðslusjóðs á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Verkefnastjórn leggur til að mennta- og menningarmálaráðuneytinu verði veitt umrædd upphæð til að stofnsetja slíkan sjóð, en fram kom í umsögn ráðuneytisins að til að slíkur sjóður hafi einhver áhrif þurfi framlög til hans að nema að lágmarki 30 milljónum króna.

3.1.5 Orkuskipti í skipum

Tillaga nr. 36 í þingsályktuninni felur í sér verkefni sem falla undir þennan flokk.

Tillaga nr. 36

Lögum verði breytt þannig að mögulegt verði að endurgreiða allt að 20% af kostnaði, upp að tilteknu hámarki, við breytingar sem gera þarf á skipum til að skipta yfir í vistvænt eldsneyti eða bæta nýtingu eldsneytis.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Í fjárlögum eru 50 milljónir króna veittar til Siglingastofnun Íslands til að standa undir endurgreiðslum á allt að 20% af kostnaði upp að tilteknu hámarki við breytingar sem gera þarf á skipum eða innviðum hafna til að skipta yfir í vistvænt eldsneyti eða bæta nýtingu eldsneytis. Ekki gerist þörf að gera sérstaka tillögu um útfærslu hvað þessa tillögu varðar þar sem útfærsla hennar er vel skilgreind í fjárlögum.

3.1.6 Tækniþróunarsjóður

Í fjárfestingaáætluninni er lagt til að á árinu 2013 verði veitt viðbótarfjármagn að upphæð 550 milljónum króna til Tækniþróunarsjóðs. Heildarfjármagn sjóðsins er skv. fjárlögum fyrir árið 2013 1.270 milljónir króna og hækkar því sem nemur þessu viðbótarfjármagni. Tillaga nr. 18 í þingsályktuninni felur í sér verkefni sem fellur undir markáætlun um græna hagkerfið.

Tillaga nr. 18

Settur verði á fót Grænn samkeppnissjóður sem deild í Tækniþróunarsjóði, sem styrki verkefni á sviði umhverfisvænnar nýsköpunar með sérstöku tilliti til skilgreininga Sameinuðu þjóðanna og BLS á grænum störfum og grænu hagkerfi.

Ábyrgð: Alþingi / Tækniþróunarsjóður

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Í fjárfestingaáætlun 2013- 2015 er viðbótarframlag til Tækniþróunarsjóðs 550 milljónir króna á ári. Í ársbyrjun 2013 verður stjórn sjóðsins skipuð með erindisbréfi

atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Verkefnastjórn leggur til, í samræmi við umsögn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, að í erindisbréfi stjórnar sjóðsins verði nýrri stjórn falið að taka mið af þingsályktun um eflingu græns hagkerfis til að tryggja að fjármagn sjóðsins nýtist til stuðnings við græn fyrirtæki og þróunarverkefni. Einnig verði matsviðmiðum sjóðsins breytt með tilliti til áherslna þingsályktunarinnar. Þannig verði stuðlað að því að markmið sjóðsins og þingsályktunarinnar um eflingu græns hagkerfis fari saman.

3.2 Tillögur sem rúmast innan fjárheimilda ábyrgðaraðila

Tillögum í þessum kafla er skipt í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða þær tillögur sem snúa að vinnu við gerð lagafrumvarpa eða reglugerða og telja verður að falli undir almenn verkefni í ráðuneytum. Í öðru lagi eru tillögur sem lúta að almennri stefnumótun, þ.e. að tileinka sér grænar áherslur í almennri starfsemi án þess að slík stefnumótun krefjist mikillar vinnu eða fjármagns við innleiðingu. Þess skal sérstaklega getið að tillögu nr. 15 er fyrir komið í kaflanum um vistvæn innkaup. Hins vegar hefði tillagan eins getað fallið undir kafla 3.2.2 sem almenn stefnumótun stofnana og ráðuneyta um að taka upp markvisst umhverfisstarf til að bæta nýtingu og draga úr sóun og öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið, bæði beinum og óbeinum. Það er þó flokkað með þessum hætti þar sem fjárlög fyrir árið 2013 gera ráð fyrir að fé verði veitt til að efla grænar áherslur innan stofnana og ráðuneyta. Loks eru önnur verkefni sem ekki falla að ofangreindri flokkun en að mati verkefnastjórnarinnar er rétt að setja í forgang.

3.2.1 Tillögur sem tengjast endurskoðun laga og reglugerða

Í þessum kafla er að finna tillögur um endurskoðun sex lagabálka og einnar reglugerðar. Samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar (sjá heimasíðu forsætisráðuneytisins) er ætlunin að endurskoða fjóra þessara lagabálka á yfirstandandi þingi. Verður því að telja að lítil vandkvæði séu því samfara að horfa til þessara tillagna við þá endurskoðun. Hinir tveir lagabálkarnir, sem lagt er til að breytt verði, eru ekki á þingsmálaskrá ríkisstjórnarinnar en verkefnastjórnin leggur til að þeir verði engu að síður endurskoðaðir á þessu ári. Sama gildir um reglugerð um grænt bókhald sem verkefnastjórnin telur rétt að setja í forgang að endurskoða.

Tillaga nr. 3

Heildarendurskoðun verði gerð á lögum sem gilda um opinberar stofnanir og hlutverk þeirra með það fyrir augum að flétta áherslur sjálfbærrar þróunar og græns hagkerfis inn í skilgreind hlutverk og aðrar lagagreinar þar sem það á við.

Ábyrgð: Alþingi / Forsætisráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013 og fjármála- og efnahagsráðuneytið og forsætisráðuneytið flokka það í flokk I. Slik endurskoðun er ekki á þingmálaskrá en verkefnastjórnin telur mikilvægt að þegar á þessu ári verði hafist handa við slíka endurskoðun.

Tillaga nr. 21

Lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi verði breytt þannig að heimilt verði að víkja frá stærðarmörkum skv. e-lið 5. gr. þegar um er að ræða verkefni sem falla að skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna og BLS á grænum störfum og grænu hagkerfi.

Ábyrgð: Alþingi / Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í III. flokk. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið flokkar verkefnið ekki í umsögn sinni til verkefnastjórnarinnar þar sem útfærslan liggur ekki fyrir. Samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar stendur til að endurskoða löginn og vinna sérfræðingar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nú að þeirri endurskoðun. Verkefnastjórnin telur mikilvægt að setja þessa tillögu í forgang og þar með stuðla að því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið taki tillöguna til skoðunar í þeirri endurskoðun sem nú fer fram. Það kann hins vegar að vera að útfærslan á sjálfu verkefninu sé kostnaðarsöm eins og fjármála- og efnahagsráðuneytið gerir ráð fyrir í sinni flokkun. Huga þarf að þeirri fjármögnun síðar, þegar niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir. Á það skal bent að löginn sem nú eru til endurskoðunar ná aðeins til afmarkaðs hluta laganna sem gilda út árið 2013. Í kjölfarið stendur til að ráðist verði í heildarendurskoðun á lögnum um ívilnanir og erlendar fjárfestingar.

Tillaga nr. 22

Lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, verði breytt þannig að stofnunin hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi og flétti áherslur græns hagkerfis inn í starfsemi sína, lánveitingar, vaxtarsamninga og annað samstarf við atvinnuþróunarfélög.

Ábyrgð: Alþingi / Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið flokka verkefnið í flokk I. Samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar stendur til að endurskoða löginn en sú endurskoðun er eingöngu bundin við eina grein laganna er varðar kærheimild. Þó stendur til að endurskoða lög um hlutverk

Byggðastofnunar í ljósi vinnu við endurskoðun stoðkerfis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Frekari útfærslu er þörf hvað tillöguna varðar og leggur verkefnastjórnin til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu verði falið að vinna að þeirri útfærslu í samstarfi við Byggðastofnun.

Tillaga nr. 32

Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 verði endurskoðuð í ljósi reynslu undangengins áratugar. Sérstaklega verði hugað að eftirliti með framkvæmd bókhaldsins með tilliti til áreiðanleika þannig að markmiðum um skýrar upplýsingar og umhverfisvernd sé fullnægt.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið flokka verkefnið í flokk I. Hið græna bókhald hefur sannað gildi sitt á undanförunum árum og mikilvægt er að þróa þá hugmynd enn frekar og festa í sessi. Því leggur verkefnastjórnin til að tillagan verði sett í forgang á árinu 2013.

3.2.2 Tillögur sem tengjast stefnumótun

Tillögur í þessum kafla falla undir það sem kalla má almenna stefnumótun. Hér er lagt til að almennar grænar áherslur verði settar í forgang í eigendastefnu opinberra orkufyrirtækja og að endurnýjanleg orka verði enn um sinn ekki skattlögð.

Tillaga nr. 17

Vistvæn orkunýting verði skilgreind sem sérstakt áherslusvið í eigendastefnu opinberra orkufyrirtækja og verði þannig grundvallaratriði við val á orkukaupendum að uppfylltum kröfum um arðsemi.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti / Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti / Alþingi

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í flokk I. Verkefnastjórnin leggur til að vistvæn orkunýting verði skilgreind sem áherslusvið og verkefnið sett í forgang.

Tillaga nr. 44

Endurnýjanleg orka til samgangna verði ekki skattlögð fyrr en hlutdeild hennar er orðin 20% af heildarorkunotkun í samgöngum.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Pingsályktunin tímasetur verkefnið ekki. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í flokk I. Verkefnastjórnin telur rétt að setja slíka stefnumótun í forgang enda byggist núgildandi stefna í skattamálum á þessari stefnumótun.

3.2.3 Aðrar tillögur

Að lokum leggur verkefnastjórnin til að neðangreind fimm verkefni verði sett í forgang enda gerir verkefnastjórnin ekki ráð fyrir að þau krefjist aukins fjármagns á fjárlögum.

Tillaga nr. 24

Nýju ákvæði verði bætt í reglur Starfsorku þannig að heimilt verði að samþykkja Starfsorkusamninga vegna nýrra umhverfisverkefna.

Ábyrgð: Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Pingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2012. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í flokk I. Verkefnastjórnin leggur til að verkefnið verði sett í forgang á árinu 2013.

Tillaga nr. 29

Fjármálaráðuneytinu verði falið að útfæra mengunargjöld í anda mengunarbótareglunnar. Mengunargjöldin renni í grænan sjóð sem fjármagni endurgreiðslur á kostnaði við bættar mengunarnir í viðkomandi atvinnugreinum. Við útfærsluna verði m.a. horft til reynslu annarra Norðurlandþjóða.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Pingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í flokk I. Verkefnastjórnin leggur til að verkefnið verði sett í forgang á árinu 2013.

4. Verkefni þar sem undirbúningsvinna hefjist árið 2013

Í þessum kafla er að finna tillögur sem verkefnastjórnin leggur ekki til að sett verði í forgang á þessu ári enda allt verkefni sem krefjast aukins fjármagns af fjárlögum, hvort heldur sú auking er veruleg eða óveruleg. Verkefnastjórnin telur hins vegar mikilvægt að hugað verði að í framhaldinu hvort ástæða er til að veita auknu fjármagni til einstakra tillagna sem er að finna í þessum kafla og þar með veita þeim forgang á árinu 2014 eða fyrr ef svo ber undir, enda hver og ein mikilvægur hlekkur í eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Til að tryggja þetta er lagt til að enda þótt tillögur sem þarna er að finna séu ekki sett í forgang í fyrsta áfanga verði engu að síður að huga að undirbúningi þeirra eða halda áfram vinnu við undirbúning sem þegar kann að vera hafinn.

Tillaga nr. 6

Framfarastuðull (GPI) fyrir Ísland verði reiknaður og birtur samhliða vergri landsframleiðslu (GDP).

Ábyrgð: Hagstofa Íslands

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur tillöguna árið 2014. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar tillöguna í flokk II. Hagstofa Íslands getur um það í umsögn sinni að GPI sé einn af mörgum stuðlum sem taki tillit til þátta sem falla utan við viðfangsefni þjóðhagsreikninga. Þá segir í umsögn stofnunarinnar að aðferðafræði við útreikninga séu ekki samræmdar og talsverður ágreiningur ríki um hana. Síðan segir í umsögn stofnunarinnar að GPI stuðullinn uppfylli ekki kröfur um gæði og áreiðanleika og þá skýru aðferðafræði sem tölfræðiverkefni hagstofa þurfi að fullnægja. Vinna við gerð slíkra mælikvarða fari því að mestu leyti fram í háskólum og á rannsóknastofum. Visar stofnunin til þess að unnið sé að slíku rannsóknarverkefni við Háskóla Íslands. Á fundi verkefnastjórnar með Brynhildi Davíðsdóttur dósent við HÍ kom fram að GPI stuðullinn hafi verið innleiddur í mörgum löndum og sé til viðbótar við aðra efnahagsreikninga, hinsvegar sé engin alþjóðleg samræming á þessu sviði um innleiðingu og innleiðingaraðferð en unnið er að slíkri samræmingu á alþjóðavettvangi. Gat hún þess að vinna þurfi fræðilega grunnvinnu áður en hægt sé að hefjast handa við að nota GPI stuðulinn, engin slík vinna sé í gangi á Íslandi og ekki á færi Hagstofunnar að vinna þá grunnvinnu. Kynnti Brynhildur verkefnastjórn drög að umsókn um rannsóknarverkefni sem miðar að því að vinna þessa fræðilegu grunnvinnu. Er

þar um að ræða tveggja ára verkefni sem áætlað er að kosti 17,3 milljónir króna að vinna. Verkefnastjórnin telur brýnt að hugað verði að því að hefja slíkt rannsóknarverkefni sem allra fyrst, það kunnir síðar að verða grundvöllur þess að stuðullinn verði reiknaður og birtur samhliða vergri landsframleiðslu eins og segir í þingsályktuninni.

Tillaga nr. 7

Ákvæði um kostnaðar- og ábatagreiningu verði bætt inn í lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða og lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þannig að tryggt sé að umhverfiskostnaður hafi alltaf verið metinn til fjár áður en ráðist er í framkvæmdir.

Ábyrgð: Alþingi / Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013 og fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar það í I. flokk. Samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er ráðgert að breyta lögum nr. 106/2000 en ekki lögum nr. 105/2006. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur í athugasemd við þessa tillögu bent á nauðsyn þess að skilgreina hvað felst í hugtakinu umhverfiskostnaður og kanna hvaða leiðir eru færir til að meta slíkan kostnað. Þegar það liggur fyrir þarf að meta hvaða breytingar þarf að gera á lögum og reglugerðum til að leggja mat á umhverfiskostnað. Við þá skoðun þarf einnig að horfa til skuldbindinga Íslands á grundvelli EES-samningsins. Þar sem hér er um umfangsmikið verkefni að ræða telur umhverfis- og auðlindaráðuneytið ekki unnt að ljúka því á árinu 2013. Í ljósi þessa leggur verkefnastjórnin til að hugað verði að þeim undirbúningi sem fram kemur í athugasemd ráðuneytisins þegar á þessu ári.

Tillaga nr. 37

Staðfestingu Íslands á viðauka VI við MARPOL-samninginn um varnir gegn mengun frá skipum verði hraðað og í framhaldinu verði efnahagslögsaga Íslands gerð að sérstöku mengunareftirlitssvæði (ECA-svæði (Emission Control Area)).

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti / Umhverfisstofnun / Siglingastofnun

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í flokk II. Siglingastofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið flokka verkefnið í flokk I. Umhverfisstofnun sem hefur með höndum daglegt utanumhald um MARPOL samninginn flokkar það hins vegar í flokk III. Verkefnastjórnin telur mikilvægt að hugað verði að undirbúningi þessa verkefnis þegar á árinu 2013. Þó er til þess að líta að stór hluti þeirra efnisatriða sem fram koma í viðaukanum er að finna í ESB gerðum sem innleiða

þarf í íslenskan rétt. Fram kom á fundi með Sigurbjörgu Sæmundsdóttur og Sesselju Bjarnadóttur, sérfræðingum í umhverfis- og auðlindaráðuneyti að ætlunin er að innleiða þessar gerðir í íslenskan rétt á árinu 2013.

Tillaga nr. 46

Samkomulag verði gert við samtök opinberra starfsmanna um að innleiða samgöngustyrki fyrir annan ferðamáta en akstur í samningum ríkisstarfsmanna og ríkisstofnana. Þá verði fyrirtækjum sem setja sér og fara eftir grænni samgöngustefnu umbunað með skattalegum hvata. Í þeim efnum verði horft til sambærilegra aðgerða sem gefið hafa góða raun í öðrum löndum.

Ábyrgð: Ferðakostnaðarnefnd

Tillaga verkefnastjórnarinnar

Þingsályktunin tímasetur verkefnið árið 2013. Fjármála- og efnahagsráðuneytið flokkar verkefnið í flokk III. Verkefnastjórnin telur mikilvægt að hugað verði að undirbúningi þessa verkefnis þegar á árinu 2013. Er það í samræmi við það sem fram kom á fundi með Angantý Einarssyni formanni ferðakostnaðarnefndar sem sagði ekkert því til fyrirstöðu að móta tillögur um útfærslu slíkra samgöngustyrkja og að það verkefni ætti ekki að taka langan tíma. Að lokinni slíkri undirbúningsvinnu þarf að hefja úthlutun slíkra samgöngustyrkja enda hefur Alþingi samþykkt heimild til að veita starfsmönnum samgöngustyrki vegna ferða til og frá vinnu frá og með 1. janúar 2013. Leggur verkefnastjórn til að hugað verði að slíkri fjárveitingu um mitt þetta ár þegar tillögur ferðakostnaðarnefndar liggja fyrir.

5. Verkefni sem vinna þarf í öðrum áfanga árið 2014

Verkefnastjórnin leggur til að neðangreindar tillögur verði ekki settar í forgang í fyrsta áfanga á árinu 2013 en komi til framkvæmda í öðrum áfanga á árinu 2014.

Á þessu stigi telur verkefnastjórnin ekki ástæðu til að meta umfang og kostnað þessara tillagna. Verður að telja að það komi til skoðunar þegar hugað verður að forgangsörðun í öðrum áfanga verkefnisins fyrir árið 2014, síðar á þessu ári.

Tillaga nr. 4

Atvinnugreinaflokkun og hagtölugerð Hagstofu Íslands verði endurskoðuð þannig að grænar atvinnugreinar og græn störf verði sýnilegri og auðvelt verði að kalla fram stöðu í einstökum skilgreindum vaxtargreinum.

Ábyrgð: Hagstofa Íslands

Tillaga nr. 13

Gerð verði úttekt á orkunotkun opinberra bygginga og sett upp orkustýring þar sem það er talið hagkvæmt.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti / Orkustofnun / Orkusetur

Tillaga nr. 14

Allar stofnanir ráðuneyta og öll fyrirtæki í eigu ríkisins birti ársskýrslur í samræmi við leiðbeiningar Global Reporting Initiative (GRI).

Ábyrgð: Ráðuneyti, stofnanir, ríkisfyrirtæki

Tillaga nr. 16

Úttekt verði gerð á eftirfylgni ríkis og sveitarfélaga með eigin áætlunum um sjálfbæra þróun (svo sem Staðardagskrá 21, Velferð til framtíðar og Sjálfbærniáætlun Norðurlandanna).

Ábyrgð: Ríkisendurskoðun

Tillaga nr. 30

Við endurskoðun laga um virðisaukaskatt verði vörur og þjónusta með vottuð umhverfismerki svo og lífrænt vottaðar vörur settar í lægra virðisaukaskattsþrep en aðrar vörur til sömu nota.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Tillaga nr. 38

Orkunýting íslenskra heimila og fyrirtækja verði metin sérstaklega og niðurstöðurnar kynntar opinberlega, með það fyrir augum að draga úr sóun.

Ábyrgð: Orkustofnun / Orkusetur

Tillaga nr. 39

Ráðist verði í heildarendurskoðun á löggjöf um úrgangsmál, m.a. með það að markmiði að fjarlægja hindranir í vegi endurvinnsluiðnaðar á Íslandi.

Ábyrgð: Alþingi / Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tillaga nr. 40

Komi til stofnunar Auðlindasjóðs verði tekjum af auðlindagjaldi m.a. varið til umhverfisvænnar atvinnusköpunar og eflingar græns hagkerfis.

Ábyrgð: Ríkisstjórn

Tillaga nr. 42

Gildandi heimild til endurgreiðslu vörugjalda til þeirra sem láta breyta bílum í vistvæn ökutæki verði framlengd, þannig að heimilt verði að endurgreiða vörugjöld vegna breytinga á fleiri ökutækjum en 1.000.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Tillaga nr. 43

Tekjum sem jafngildi hækkun kolefnisgjalds samkvæmt lögum nr. 164/2011 verði ráðstafað til verkefna sem stuðla að orkuskiptum og orkusparnaði í samgöngum. Við þá ráðstöfun verði jöfnun möguleika íbúa landsins til orkuskipta og orkusparnaðar höfð sérstaklega í huga.

Ábyrgð: Alþingi / Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Tillaga nr. 47

Ráðist verði í sérstakt fræðsluáttak fyrir almenning og atvinnulífið um raunkostnað við mismunandi samgöngumáta og tengsl samgöngumáta og heilsu.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti / Innanríkisráðuneyti / Umhverfis- og auðlindaráðuneyti / Velferðarráðuneyti / Landlæknisembættið / Lýðheilsustöð / Endurmenntunarstofnanir

Tillaga nr. 48

Unnið verði að framgangi skógræktar og vistheimtar með sjálfbæra nýtingu og bindingu kolefnis að leiðarljósi. Unnar verði skógræktar- og vistheimtaráætlanir til 20 ára þar

sem samræmdar verði fyrri áætlanir og unnið út frá þeim markmiðum að efla úrræði til stöðvunar gróðureyðingar og auka skóga og skapa með því sjálfbærar auðlindir.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Tillaga nr. 50

Ísland verði kynnt sem grænt hagkerfi fyrir kaupendum vöru og þjónustu, fjárfestum og ferðamönnum. Þessi markaðssetning byggist á ímynd og styrkleikum Íslands og fari saman við markaðssetningu Íslands á sviði ferðaþjónustu, vöruútflutnings og menningar.

Ábyrgð: Íslandsstofa

6. Niðurstöður

Þegar á heildina er litið leggur verkefnastjórnin til að 26 af 50 tillögum sem fram koma í þingsályktuninni verði settar í forgang í fyrsta áfanga á árinu 2013. Þar af eru 18 tillögur sem verkefnastjórnin telur að unnt sé að sinna án aukinna fjárframlaga til ábyrgðaraðila viðkomandi verkefna skv. þingsályktuninni. Aðrar átta tillögur falla undir þá flokka sem fram koma í fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar, sbr. einnig í fjárlögum fyrir árið 2013 og lagt er til að settar verði í forgang á þessu ári, enda sé fjármagni veitt til þeirra í fjárlögum fyrir árið 2013. Eftir standa 17 tillögur sem lagt er til að metnar verði í síðari áfanga, þ.e. á árinu 2014, þó þannig að þegar á árinu 2013 verði hugað að undirbúningi fjögurra þeirra. Þrjár tillögur falla að almennu starfi forsætisráðuneytisins varðandi eflingu græna hagkerfisins, þar á meðal sú vinna sem verkefnastjórn var með skipunarbréfi falið að sinna. Þá hefur vinnu við fjórar tillögur þegar verið ýtt úr vör og því ekki þörf á að skipa þeim í forgang eða til framkvæmdar í síðari áfanga.

Verkefnastjórn hefur þar með lokið því starfi sem henni var falið með skipunarbréfi frá 26. september 2012 að undurbúa gerð aðgerðaráætlunar um eflingu græns hagkerfis á Íslandi og í því skyni forgangsraðað þeim verkefnum sem fram koma í 50 tölulíðum þingsályktunarinnar ásamt því að leggja mat á umfang einstakra tillagna og þann kostnað sem vinna við þær útheimtir.

Reykjavík, 30. janúar 2013

Sigurður Örn Guðleifsson, formaður

Danfríður K. Skarphéðinsdóttir

Elvar Knútur Valsson

Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir

Skúli Helgason